

lögmál og mörg önnur náttúrulög og vér vitum, að þau eru söm og jöfn um aldur og æfi; þau eru jafn varanleg og efnid sjálft, sem stjórnast af þeim. Það má segja um þau, að þau séu stödug og varanleg mitt í breytingum og umskiftum hinna ytri mynda efnisins.

Pannig er hinn efnislegi heimur í eðli sínu, en hvað um það sem vér vanalega nefnum heim andans? hvað um sálarlíf manna, með hugmyndum sínum og tilfinningum? Er einnig þar eitthvað varanlegt að finna, einhver grundvallar sannindi, sem hafa gildi kynslóð eftir kynslóð og öld estir öld? Vér getum ekki koinist hjá að viðurkenna þann sannleika, að hugsanir vorar og tilfinningar eru rétt eins verulegar og áþreifanlegir hlutir. Ef einhver maður lætur í ljósi hugsun, sem oss er ógeðfeld, þi vekur hún hjá oss samskonar tilfinningar og ógedfeld sjón mundi gera. Eru þá hugsanirnar nokkuð varanlegri en efnislegir hlutir? Margur mundi eflaust svara, að svo væri ekki. Hvað breytist fljótar en hugsanir mannsins? Þær hverfa fljótar en grasið, sem grær að morgni og er slegið að kvöldi, og aðrar nýjar koma í stað þeirra eldri. Flestar hugmyndir vorar geta ekki varað nema stutta stund; þær eru bundnar við hversandi kringumstæður. Það verður jafnvel ekki sagt um skoðanirnar, sem vér höfum og álítum að vera réttar, að þær séu varanlegar nema í mesta lagi nokkra mannsaldrá, því með vaxandi skilningi manna munu þær taka einhverjum breytingum, eins og allar skoðanir hafa gert á liðnum tínum. Þetta er eflaust satt. Hugmyndir og skoðanir eru rétt eins og myndirnar, sem efnið hefir í augum vorum. Þær eru sjálfar breytingum háðar, en þó er eitthvað á bak við þær allar, sem er varanlegt, sem aldrei hversur í burtu eða verður að engu. Sálarlíf mannsins heldur stöðugt áfram að vera til og hugur hans heldur áfram að starfa, þó skoðanir og hugmyndir eldist og hverfi. Og alveg eins og viss lög birtast í efninu og breytingum þess, koma einnig lög í ljós í því sem menn hugsa. Hugsanirnar fylgja vissum tilhneicingum; hugsunarháttur hvers manns hefir sín einkenni, og hvort sem vér vitum það eða ekki verðum vér að hugsa samkvæmt vissum lögum, ef hugsanir vorar eiga að reynast sannar og réttar.